

**Stefnumörkun  
Fjórðungssambands Vestfirðinga 2016 - 2018**



September 2017

## **Inngangur.**

Stefnumörkun Fjórðungssambands Vestfirðinga var kynnt á haustþingi FV þann 9. og 10. september 2016 samkvæmt tillögu stjórnar FV. Þingið samþykkti að fela stjórn og starfsmönnum að funda með aðildarsveitarfélögum til þess að ræða hlutverk, málaflokka og forgangsröðun verkefna. Fundað var með öllum sveitarstjórnnum á Vestfjörðum frá október 2016 til janúar 2017.

Niðurstaða var kynnt á samráðsfundi sveitarfélaga á Vestfjörðum sem haldinn var á Hólmavík 24. janúar 2017. Fram kom að á fundum sveitarfélaganna voru ekki voru lagðar til breytingar á hlutverki og markmiðum FV, en forgangsröðun verkefna var að nokkru breytt og nýtt verkefni, stofnun Vestfjarðastofu, var tekið inn.

Stefnuskjalið byggir að fyrirmynd stefnumörkunar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem unnin er á landsþingi sveitarfélaga að aflokum sveitarstjórnarkosningum. Stefnuskjalið skiptist í þrjá hluta; meginmarkmið, hlutverk og síðan undirmarkmið og áherslur. Unnið er á grundvelli málaflokka á starfssviði sveitarfélaganna; **skatttekjur, félagsmál, heilbrigðismál, fræðslumál, menningarmál, skipulags, bygginga og umhverfismál, brunamál og almannavarnir, atvinnumál og byggðamál**. Aðrir málaflokkar þ.e. **æskulýðs- og íþróttamál og hollustuhættir** yrðu að þessu sinni, ekki á ábyrgð eða verksviði FV því alfarið hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig eða öðru samstarfi sem sveitarfélögin kæmu sér saman um.

Í umfjöllun um undirmarkmið og áherslur er þeim forgangsraðað eftir því hvernig þau koma að starfsemi FV með tilliti til mikilvægi og forgangi í tíma þ.e. hvenær þau skulu unnin innan starfstímabilsins 2016-2018. Hér skal einnig tekið tillit til áherslna sem koma fram í Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 og reynt að samræma þær við verkefni sem unnin eru á grundvelli stefnu FV.

Miðað er við að stefnumörkun FV komi að nýju til endurskoðunar á haustþingi 2018 að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

## 1. Meginmarkmið FV

Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV) skal vinna að því að efla og styðja við búsetu, mannlíf og atvinnulíf á Vestfjörðum í samstarfi við sveitarfélögin sem að sambandinu standa.

Fjórðungssamband Vestfirðinga heitir því að stunda góða starfshætti, skilvirkni og vönduð vinnubrögð og hafa samráð og samstarf við þá aðila sem láta sig verkefni sveitarfélaga varða.

Fjórðungssamband Vestfirðinga skal ávallt leitast við að hafa á að skipa hæfustu starfsmönnum með reynslu og menntun á háskólastigi sem nýtist við vinnu að málaflokkum Fjórðungssambandsins.

## 2. Hlutverk FV

Hlutverk FV er:

- að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaga á Vestfjörðum og vinna að hagsmunum og samstarfi þeirra.
- að efla samvinnu sveitarfélaga og sveitarstjórnarmanna.
- að vinna að sameiginlegum málum er löggjafinn kann að fela sambandinu.
- að sjá til þess að stefnumörkun Fjórðungspings Vestfirðinga sé framfylgt og að starfsemi sambandsins sé á hverjum tíma hagað í samræmi við samþykktir þess.

Starfsmenn og stjórn fylgi einnig stefnumörkun eftir með umsögnum til Alþingis og ráðuneyta um málefni er varða hagsmuni Vestfjarða.

Heimilt er að stofna og starfrækja ráð og nefndir til að sinna afmörkuðum verkefnum og hafa samvinnu um vinnu við tiltekna málaflokka á grundvelli samninga.

FV hefur samvinnu við önnur landshlutasamtök sveitarfélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga og samstarfsnefndir sveitarfélaga á Vestfjörðum, auk annarra félaga og stofnana sem starfa á vestfirska vísu, eftir því sem við á.

FV sinnir verkefnum í alþjóðlegu samstarfi í samvinnu við önnur landshlutasamtök eða Samband íslenskra sveitarfélaga með það að markmiði að gæta að hagsmunum sveitarfélaga á starfssvæðinu og vinna að framþróun þeirra.

Verkaskipting og valdsvið innan FV er skilgreint í samþykktum sambandsins:

**Fjórðungsping Vestfirðinga** eru haldin tvisvar á ári, vor og haust. Fjórðungspingið fer með æðsta vald í stjórnun FV og leggur línur um verkefni og áherslur, auk þess sem þingið samþykkir stefnumál sambandsins hverju sinni.

**Stjórn FV** er skipuð fimm einstaklingum og er kjörin á Fjórðungsþingi. Formaður stjórnar er kjörinn sérstaklega af þinginu. Stjórnin fer með yfirstjórn á rekstri sambandsins í samræmi við fjárhagsáætlanir og aðrar samþykktir og vinnur að framkvæmd þeirra mála sem Fjórðungsþingið ákveður eða lög frá Alþingi segja til um. Stjórn undirbýr og hefur umsjón með Fjórðungsþingi og leggur þar fram ársreikninga, fjárhagsáætlun og starfsáætlun.

**Fastanefndir FV** eru tvær samkvæmt samþykktum sambandsins. Annars vegar 5 manna *Fastanefnd um samgöngumál og fjarskipti* og hins vegar 9 manna *Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða*. Fulltrúar í þessarar nefndir eru kjörnir á Fjórðungsþingi.

**Framkvæmdastjóri FV** er ráðinn af stjórn FV. Hann veitir skrifstofu sambandsins forstöðu og stýrir fjármálum. Hann leggur fram starfsskýrslu á Fjórðungsþingi og sér um að ráða starfsmenn FV í samvinnu við stjórn.

**Starfsfólk FV** vinnur að verkefnum sem þeim eru falin og tengjast sérsviði þess, í samræmi við stefnumótun FV og áherslur sem lagðar eru í Sóknaráætlun Vestfjarða.

### **3. Helstu málaflokkar, stefnumörkun og leiðir**

Samkvæmt samþykktum FV snúa málaflokkar þeir sem Fjórðungssamband Vestfirðinga fæst við að byggðapróun og atvinnumálum, menningarmálum, markaðsmálum og kynningu Vestfjarða. Einnig gegnir FV mikilvægu hlutverki við hagsmunagæslu sveitarfélaganna og fjórðungsins gagnvart ríkisvaldinu og við áætlanagerð á vegum ríkisins og setningu laga og reglugerða.

Til að FV geti sinnt hlutverki sínu af kostgæfni, er sett fram þessi stefna með hliðsjón af málaflokkum á starfssviði sveitarfélaganna; skatttekjur, félagsmál, heilbrigðismál, fræðslumál, menningarmál, skipulags, bygginga og umhverfismál, brunamál og almannavarnir, atvinnumál og byggðamál. Aðrir málaflokkar þ.e. æskulýðs- og íþróttamál og hollustuhættir falla undir rekstur sveitarfélaga og eru á ábyrgð hvers sveitarfélags fyrir sig og ekki á ábyrgð og verksviði FV að sinni.

Hér verður farið yfir helstu verkefni og áherslur FV í þeim efnum.

#### **3.1. Skatttekjur**

Vinna skal að því að ná fram aukinni sanngirni í tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Bæta þarf hlutdeild sveitarfélaga í skattstofnum og koma af stað skynsamlegri umræðu um hlutdeild sveitarfélaga í tekjum hins opinbera af hagnýtingu auðlinda. Vinna skal að því að gera Vestfirði að tilraunasvæði með ívilnun á sköttum einstaklinga og fyrirtækja, samkvæmt fyrirmynd frá Norður Noregi.

**Leiðir:** Áhersluatriði á umræðuvettvangi landshlutasamtaka og í viðræðum við Samband íslenskra sveitarfélaga, við fjárlaganefnd og í samtölum við þingmenn kjördæmisins, ráðuneyti og stofnanir þeirra.

### 3.2. Félagsmál

Leggja skal áherslu á sérstöðu landshlutans í velferðarmálum, sérstaklega þar sem aðgengi að þjónustu og landfræðilegar aðstæður eru þess eðlis að mögulega þarf að huga að sérlausnum. Styðja skal við samstarf sveitarfélaga í velferðarmálum eftir því sem við er komið.

**Leiðir:** Samkvæmt samþykktum Bygðasamlags um málefni fatlaðs fólks annast skrifstofa FV rekstur samlagsins og fylgir eftir málefnum þess með viðræðum við Samband íslenskra sveitarfélaga, fjárlaganefnd og í samtölum við þingmenn kjördæmisins og ráðuneyti og stofnanir þeirra.

### 3.3. Heilbrigðismál

FV skal vinna að því að tryggt verði að heilbrigðisþjónusta sé örugg og aðgengileg fyrir alla íbúa Vestfjarða. Góð heilbrigðisþjónusta er einn af hornsteinum velferðar og getur skipt sköpum í búsetuvali. Leggja skal áherslu á sérstöðu landshlutans í heilbrigðismálum, sérstaklega þar sem aðgengi að þjónustu og landfræðilegar aðstæður eru þess eðlis að mögulega þarf að huga að sérlausnum.

Atvinnulíf og samfélag á Vestfjörðum byggja á matvælaframleiðslu og hreinu umhverfi. Mikilvægi eftirlits og fræðslu í þessum málaflokkum er því lykilatriði og leggur FV þar áherslu á öfluga svæðisbundna starfsemi á þessu sviði.

**Leiðir:** Samskipti við forsvarsmenn stofnana á sviði heilbrigðismála á starfsvæði FV og áhersluatriði í samtölum við fjárlaganefnd, þingmenn kjördæmisins og ráðuneyti og stofnanir þeirra. Sveitarfélögin skipa fulltrúa í Heilbrigðisnefnd Vestfjarða á fjórðungspingi og leggja áherslu á eflingu starfsemi nefndarinnar í samtölum við fjárlaganefnd, þingmenn kjördæmisins og ráðuneyti og stofnanir þeirra.

### 3.4. Fræðslumál

FV skal styðja markmið sveitarfélaga á Vestfjörðum um að auka gæði í skólastarfi og koma grunn- og leikskólum á starfsvæðinu í hóp þeirra bestu á landsvísu. Aðgengi að menntun og gæði skólastofnana geta skipt sköpum í búsetuvali. Leggja skal áherslu á sérstöðu landshlutans í málefnum framhaldsskólans, háskólaseturs og símenntunar, sérstaklega þar sem aðgengi að þjónustu, starfsfólki og landfræðilegar aðstæður eru þess eðlis að mögulega þarf að huga að sérlausnum svo sem dreifnámi og fjarnámi.

**Leiðir:** Þátttaka byggðaþróunardeildar í umbótaverkefnum á sviði fræðslumála. Samskipti við forsvarsmenn stofnana á sviði menntamála á starfsvæði FV og áhersluatriði í samtölum við fjárlaganefnd, þingmenn kjördæmisins og ráðuneyti og stofnanir þeirra.

### 3.5. Menningarmál

Menning og menningarstarfsemi er lykilþáttur í að skapa samfélag íbúa á Vestfjörðum. Efling menningarstarfs hefur jákvæð áhrif á búsetu, eykur fjölbreytni atvinnulífs og eflir ferðapjónustu. Við uppbyggingu og gæðapróun í menningarstarfi verði litið á Vestfirði sem eitt menningarsvæði, en með sértækum áherslum atvinnu- og þjónustusvæða. Vinna skal að auknu aðgengi og þátttöku í menningarstarfi á svæðinu, fjölgun skapandi starfa, meiri fjölbreytni og eflingu menningarfélaga og stofnana.

**Leiðir:** FV hefur starfandi menningarfulltrúa innan sinna vébanda og vinnur að þróunarverkefnum og uppbyggingu í menningarstarfi í samræmi við áherslur í stefnumörkun FV, Sóknaráætlun Vestfjarða, Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða og Svæðisáætlun Vestfjarða. Gæðapróun og samvinna eru lykilhugtök við vinnuna. Unnið skal að því að auka fjármagn og stuðning við menningarstarf í gegnum sóknaráætlanir landshluta. Menningarmál verði áhersluatriði í samskiptum við fjárlaganefnd, þingmenn og ráðuneyti.

### 3.6. Skipulags-, bygginga- og umhverfismál

Sveitarfélögin á Vestfjörðum skulu stefna að aukinni samvinnu á sviði skipulagsmála. Sveitarfélögin á Vestfjörðum séu umhverfisvæn og umhverfisvottað samfélag þar sem áhersla er lögð á sjálfbærni og að vernda sögu, minjar, menningarlandslag og náttúru.

**Leiðir:** FV vinnur að umhverfisvottun Vestfjarða í umboði sveitarfélaganna á Vestfjörðum. Svæðisáætlun Vestfjarða samræmir forgangsröðun málaflokka sem sveitarfélögin standa sameiginlega að. Beðið er eftir að lagt verði fram á Alþingi frumvarp til laga um haf- og strandsvæðaskipulag. Í millitíðinni skal unnið að söfnun gagna og myndun samráðshópa á Vestfjörðum til að flýta vinnu að undirbúningi skipulags á haf- og strandsvæðum. Áhersluatriði í samskiptum við fjárlaganefnd, þingmenn og ráðuneyti.

### 3.7. Brunamál og almannavarnir

Stefna ber að aukinni samvinnu sveitarfélaga í málaflöknum, en ekki er ráðgert að FV beiti sér sérstaklega í þeim efnum að sinni. Ítreka þarf mikilvægi björgunarsveita á víðfeðmum landsvæðum og huga að sérlausnum, þar sem aðgengi að starfsfólki og landfræðilegar aðstæður eru þess eðlis að ekki er hægt að halda uppi ásættanlegri þjónustu. Mikilvægt er að almannavarnanefndir séu virkar og slökkvilið og brunavarnir á vegum sveitarfélaga öflug.

**Leiðir:** Stuðla að umræðu sveitarfélaga um samvinnu á þessu sviði. Áhersluatriði í samtölum við fjárlaganefnd, þingmenn kjördæmisins og ráðuneyti og stofnanir þeirra.

### 3.8. Atvinnumál og byggðamál

Helstu forsendur fyrir byggð á Vestfjörðum eru öflugt atvinnulíf og aðgengi að grunnþjónustu. Sú grunnþjónusta sem verður að vera til staðar er meðal annars opinber þjónusta, aðgengi að trygguðum fjarskiptum, raforku og framúrskarandi samgöngum.

**Leiðir:** FV hefur starfandi verkefnisstjóra byggðapróunardeildar sem vinnur í samræmi við áherslur í stefnumörkun FV, Sóknaráætlun og Uppbyggingarsjóð Vestfjarða. Einnig rekur FV Markaðsstofu Vestfjarða sem sinnir markaðssetningu fjórðungsins til ferðamanna, sem og hagsmunagæslu er snýr að ferðapjónustu.

FV vinnur náið með Atvest og útvistar til þess, með þjónustusamningi, verkefnum í tengslum við atvinnu- og byggðapróun.

Jafnframt starfar innan FV Fastanefnd um samgöngumál og fjarskipti sem gætir hagsmuna fjórðungsins er varðar samgöngur, vegagerð og fjarskipti.

Deildir og nefndir FV vinna samkvæmt stefnu Sóknaráætlunar Vestfjarða, en hún er mótuð í samstarfi við samráðsvettvang áætlunarinnar. Stefnan er einnig notuð sem leiðarljós í framkvæmd áhersluverkefna sem og til grundvallar úthlutunar úr Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða.

Krafa um úrbætur er áhersluatriði í samtölum við fjárlaganefnd, þingmenn kjördæmisins, ráðuneyti og stofnanir þeirra. Einnig er baráttuefni að fá aukið fjármagn til eflingar sóknaráætlana landshlutanna og samning Byggðastofnunar um atvinnu- og byggðapróun.

### **3.9. Annað**

Aðrir málaflokkar svo sem æskulýðs- og íþróttamál og hollustuhættir falla undir rekstur sveitarfélaga og eru á ábyrgð hvers sveitarfélags fyrir sig og ekki á ábyrgð og verksviði FV að sinni. FV skal þó stuðla að umræðu um aukna samvinnu sveitarfélaga á tilteknum sviðum innan þessara málaflokka.

#### **4. Undirmarkmið og áherslur**

Hér er hverjum lið gefin ákveðin einkunn eftir mikilvægi og forgangsröðun í tíma, á grundvelli hlutverks og markmiða FV í einstaka málaflökkum. Einnig er tekið tillit til áherslna sem koma fram í Sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019 og reynt að samræma þær við verkefni sem unnin eru á grundvelli stefnu FV.

Forgangsröðun einstakra liða (undirmarkmið og áherslur) er hér sett fram í feitletruðum texta. Miðað skal við að á seinni hluta kjörtímabils sveitarstjórnar 2014–2018, skulu stjórn og starfsmenn Fjórðungssambands Vestfirðinga beina vinnu og fjármagni til að veita þeim brautargengi.

#### **4.1. Skatttekjur og samskipti ríkis og sveitarfélaga**

**4.1.1. FV skal vinna að því að þjónusta á vegum ríkisins sé tryggð innan allra atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum og gætt sé að jafnræði íbúa um aðgengi að þjónustu. Eins skal tryggja fjármagn og vinnu á vegum ríkisins við að auka fjölbreytni starfa og menntunar.**

4.1.2. FV skal í samvinnu við önnur landshlutasamtök sveitarfélaga beita sér fyrir eflingu sóknaráætlana landahlutanna, m.a. með auknum fjárveitingum frá ríkinu, aukinni samþættingu opinberra áætlana og meira forræði heimamanna á uppbyggingu á sínum svæðum.

4.1.3. FV skal vinna að því að við skattkerfisbreytingar verði horft til þess hvernig megi tryggja að sveitarfélög fái hlutdeild í skattlagningu fyrirtækja og arðgreiðslum til eigenda þeirra. Einkum verði horft til þess að sveitarfélögin fái hlutdeild í tekjum hins opinbera af hagnýtingu auðlinda, s.s. vegna veiða sjávardýra, ferðaþjónustu, fiskeldis, skelrækt, þang- og námuvinnslu.

4.1.4. FV skal vinna að því að Vestfirðir verði tilraunasvæði með ívilnunum á sköttum á einstaklinga og fyrirtæki. Sótt verði fyrirmynd að útfærslu verkefnisins frá Norður Noregi.

4.1.5. FV hefur virkt samstarf við Byggðastofnun með samstarfssamningi um atvinnu- og byggðaþróun og samstarfi í verkefnum s.s. Brothættum byggðum.

4.1.6. FV skal vinna að því að sveitarfélög geti nýtt tækifæri sem liggja í norrænu og öðru evrópsku samstarfi og alþjóðasamstarfi, til ávinnings og framþróunar og til að miðla þekkingu sinni til aðila í öðrum löndum.

4.1.7. FV skal standa vörð um hagsmuni sveitarfélaga gagnvart ESB, standa fyrir upplýstri umræðu um Evrópumál, bæði vegna EES-samningsins og aðildarumsóknar, ef viðræður verða teknar upp að nýju. Til að tryggja hagsmunagæslu sambandsins á þessu sviði tekur FV þátt í samstarfsvettvangi sveitarfélaga innan EFTA í samstarfi við önnur landshlutasamtök sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga.



4.1.8. FV skal beita sér fyrir því að sveitarfélögin fái auknar tekjur af raforkuframleiðslu. Þess verði sérstaklega gætt að skatttekjur sveitarfélaga af skattskyldum virkjanamannvirkjum skiptist ekki eingöngu eftir því hvar virkjanamannvirki eru staðsett, heldur verði tekið sanngjarnt tillit til umhverfisáhrifa virkjana og flutningskerfis raforku á nærliggjandi sveitarfélög.

4.1.9. FV skal vinna að því að bundnar verði í lög samskiptareglur ríkis og sveitarfélaga með það að leiðarljósi að samskiptin verði bæði öguð og formföst. Efldur verði gagnkvæmur skilningur og virðing fyrir samningum og áætlunum, viðfangsefnum og þörfum hvors aðila fyrir sig.

*Mikilvæg og áriðandi mál 4.1.1,*

*Mikilvæg málefni en ekki áriðandi 4.1.2., 4.1.3. og 4.1.4.*

*Ekki mikilvæg og ekki áriðandi 4.1.5., 4.1.6., 4.1.7,4.1.8, 4.1.9.*

**Niðurstaða. Engin bein verkefni en mikilvæg áhersluatriðið í umræðu við stjórnvöld, Alþingi og sveitarfélaga.**

## **4.2. Félagsmál og félagsþjónusta**

4.2.1. FV skal beita sér fyrir því að framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks verði fylgt eftir, þ.m.t. um uppbyggingu búsetuþjónustu og framtíðaráherslur hennar mótaðar með hliðsjón af niðurstöðum fyrirliggjandi rannsókna. Fjármögnun búsetuuppbyggingar og tengdrar þjónustu njóti forgangs ásamt umbótum í félagslífi fatlaðra barna og ungmenna auk þess sem aðgengismál í viðum skilningi fái aukið vægi. Sett verði raunhæf markmið um þjónustustig og framþróun í þjónustu við fatlað fólk í nánú samráði við samtök notenda og ríkisvaldið. Sérstök fjárframlög frá ríkinu standi undir stærstum hluta þessarar uppbyggingar.

4.2.2. FV skal beita sér fyrir því að sátt náist um fyrirkomulag þjónustu við fatlað fólk, m.a. um nám og atvinnu. Liður í þeirri vinnu er að þróa verkferla og ákveða þjónustustig í málaflokknum ásamt því að efla innra og ytra mat á gæðum þjónustunnar. Unnið verði að því, í samstarfi við ríkið, að eyða gráum svæðum í málaflokknum. Í tengslum við endurmat á yfirfærslunni verði fjármögnun þjónustunnar tryggð og tillit tekið til þeirra laga og hugmyndafræðilegu breytinga sem átt hafa sér stað. Fjármögnun verði dreift markvisst, miðað við þarfir hvers þjónustusvæðis.

4.2.3. FV skal leggja sitt af mörkum til að stuðla að því að hagsmunir íbúa af erlendum uppruna, bæði barna og fullorðinna, séu tryggðir. Mikilvægt er að þjónusta sé þeim aðgengileg, þannig að þeir öðlist sem fyrst sömu stöðu og aðrir íbúar og séu viðurkenndir og virkir þátttakendur í samfélaginu.

4.2.4. FV skal vinna að því að sveitarfélög fái lögbundinn stuðning Fjölmenningsseturs til að veita íbúum af erlendum uppruna fullnægjandi þjónustu og aðstoða sveitarfélög við að vinna saman að málefnum þeirra.

4.2.5. FV skal vinna að því að þróaðir verði notendasamningar og notendastýrð persónuleg aðstoð í nærþjónustu sveitarfélaga sem verði innleidd sem valkostur við önnur þjónustuform, enda liggja fyrir sérstök fjármögnun af hálfu ríkisins vegna þessarar þróunar.

4.2.6. FV skal vinna að því að áfram verði undirbúnaðar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði þjónustu við aldraða og skilgreindir verði þeir þjónustuþættir sem æskilegt er að flytja svo hægt sé að tryggja samþætta og góða þjónustu. Byggja skal á þeirri reynslu sem hefur skapast í tengslum við yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk, mótuð verði skýr stefna í málaflokknum og útbúin framkvæmdaáætlun áður en gerðar eru breytingar á verkaskiptingu. Sérstaklega verði hugað að úrlausn varðandi lífeyrisskuldbindingar. Heimahjúkrun og fleiri þjónustuþættir á forræði heilsugæslunnar komi þar til sérstakrar skoðunar sem fyrst.

*Mikilvæg málefni en ekki áriðandi 4.2.1., 4.2.2., 4.2.3.*

*Ekki mikilvæg og ekki áriðandi 4.2.4, 4.2.5., 4.2.6*

**Niðurstaða. Engin bein verkefni en mikilvæg áhersluatriðið í umræðu við stjórnvöld, Alþingi og sveitarfélaga.**

#### **4.3. Heilbrigðismál**

4.3.1. FV skal vinna að því að tryggt verði að heilbrigðisþjónusta sé örugg og aðgengileg fyrir alla íbúa Vestfjarða. Góð heilbrigðisþjónusta er einn af hornsteinum velferðar og getur skipt sköpum í búsetuvali.

4.3.2. FV skal beita sér fyrir því að skilgreind verði grunnþjónusta í heilbrigðisþjónustu í smærri byggðarlögum og hvaða aðferðum megi beita til að tryggja öryggi og bæta þjónustu við íbúa.

*Mikilvæg málefni en ekki áriðandi 4.3.1.*

*Áriðandi en ekki mikilvæg. Fela öðrum framkvæmd 4.3.2*

**Niðurstaða. Engin bein verkefni en mikilvæg áhersluatriðið í umræðu við stjórnvöld, Alþingi og sveitarfélaga.**

#### **4.4. Fræðslu- og uppeldismál**

4.4.1. FV skal stuðla að því að greint verði hvaða úrbóta er þörf til þess að grunnskólar á Vestfjörðum verði í fremstu röð. Aukna áherslu þarf að leggja á gæði og árangur skólustarfs, þ.m.t. námsárangur sem stenst alþjóðlegan samanburð. Halda þarf í styrkleika skólakerfisins jafnhliða því að bæta úr veikleikum þess.

4.4.2. FV skal gera þá kröfu á stjórnvöld að starfsemi Menntaskólans á Ísafirði og framhaldsdeilda á Patreksfirði og Hólmavík verði efl. Menntun á framhaldsstigi er einn af hornsteinum samfélaga á Vestfjörðum og efling þess er grundvöllur fyrir jákvæðri búsetuþróun á Vestfjörðum.

*Mikilvæg málefni en ekki áriðandi 4.4.2.*

*Áriðandi en ekki mikilvæg. Fela öðrum framkvæmd 4.4.1*

**Niðurstaða.. FV vinni að því að ná umræðu á milli sveitarfélaga um breytingar á samstarfi á sviði fræðslumála. Engin bein verkefni en mikilvæg áhersluatriðið í umræðu við stjórnvöld, Alþingi og sveitarfélaga.**

#### **4.5. Menningarmál**

4.5.1. Við vinnu FV að uppbyggingu og eflingu menningarstarfs verði litið á Vestfirði sem eitt menningarsvæði, en með sértækum áherslum atvinnu og þjónustusvæða. Gæðaðróun og samvinna eru lykilhugtök við vinnu að málaflokknum og þróunarverkefni og úthlutunar styrkja taki mið af því.

**4.5.2. FV skal vinna að gæðaðróun og uppbyggingu í menningarstarfsemi í fjórðungnum, með ráðgjöf, stefnumótunarvinnu og sérstökum samstarfs- og þróunarverkefnum.**

**4.5.3. FV skal beita sér fyrir auknum stuðningi við miðlun menningararfleiðar með tengingu við eflingu ferðaðjónustu og eflingu samfélagsvitundar.**

4.5.4. FV beiti sér fyrir því að sveitarfélög á Vestfjörðum auki samstarf, einkum á sviði listkennslu, viðburðastjórnun og starfsemi menningarstofnana í eigu sveitarfélaga.

4.5.5. FV vinni að auknu samstarfi vestfirskra sveitarfélaga við þjóðmenningarstofnanir og unnið verði að tilfærslu verkefna til menningarstofnana á Vestfjörðum.

4.5.6. FV skal vinna að eflingu og aukinni fjölbreytni grasrótastarfs á sviði menningar og lista á Vestfjörðum.

*Mikilvæg og áriðandi mál 4.5.2, 4.5.3*

*Mikilvæg málefni en ekki áriðandi 4.5.1, 4.5.4*

*Önnur mál bíða.*

**Niðurstaða. Unnið samkvæmt markmiðum en jafnhliða verði endurskoðuð menningarstofna sveitarfélaganna og skoða í þeim efnum hvernig efla megi samstarf við ferðaðjónustuna.**

#### **4.6. Skipulags-, bygginga- og umhverfismál**

##### **a. Skipulagsmál**

**4.6.1. FV skal styðja við eflingu sveitarfélaga með auknu samstarfi þeirra, m.a. með svæðisskipulagi eða svæðisáætlun og eflingu íbúalýðræðis.**

**4.6.2. FV skal hvetja sveitarfélög til þess að vinna saman að gerð svæðisskipulags eða svæðisáætlun þar sem við á. Sérstök áhersla verði lögð á að horfa til uppbyggingar og staðsetningar innviða, þarfa atvinnuveganna og áherslna í sóknaráætlunum fyrir viðkomandi landshluta. Samráð milli sveitarfélaga og stofnana ríkisins og fyrirtækja sem hafa það hlutverk að byggja upp grunnkerfi, s.s. samgöngur, fjarskipti og flutningskerfi raforku, verði aukið.**

**4.6.3. FV gæti hagsmuna sveitarfélaga við mótun lagafrumvarps um skipulag haf- og strandsvæða. Í þeirri vinnu verði lögð áhersla á að skipulag strandsvæða, allt að einni sjómílu út frá grunnlínu landhelginnar, verði á forræði sveitarfélaga. Einnig verði lögð áhersla á að fram fari nauðsynlegar grunnrannsóknir á strandsvæðum þar sem álag vegna nýtingar er mikið, til að auðvelda gerð skipulags- og nýtingaráætlana.**

4.6.4. FV skal taka þátt í samráðsvettvangi um landsskipulagsstefnu og vinna að því að framfylgd hennar verði unnin í góðri sátt við sveitarfélög og samtök þeirra. Þau tækifæri sem felast með landsskipulagsstefnu verði nýtt til þess að bæta verklag við gerð skipulagsáætlana og annarra opinberra áætlana og auka samræmi í áætlanagerð á landsvísu.

4.6.5. FV skal vinna að því að vegalög verði endurskoðuð með hliðsjón af markmiðum skipulagslaga. Við þá vinnu verði lögð áhersla á að skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögunum og að ekki er hægt að una því að ákvarðanir stofnana ríkisins á grundvelli sérlaga séu æðri skipulagsáætlunum sveitarfélaga.

4.6.6. FV skal vinna að því að skaðabótaákvæði skipulagslaga verði endurskoðuð með hliðsjón af samsvarandi ákvæðum í nágrannaríkjum.

4.6.7. FV skal leita leiða til að draga úr kostnaði sveitarfélaga við skipulagsvinnu. Í því sambandi verði m.a. hugað að eftirfarandi: Samstarfi ríkis og sveitarfélaga um innleiðingu stafræns skipulags; samstarfi ríkis og sveitarfélaga um kaup og leigu á landupplýsingum; framkvæmd friðlýsinga, fjármögnun rannsókna og skipulagsvinnu á strandsvæðum; bættu samstarfi við stofnanir ríkisins og fyrirtæki sem hafa það hlutverk að byggja upp grunnkerfi, s.s. vegi, fjarskiptakerfi og flutningskerfi raforku.

**4.6.8. FV skal taka virkan þátt í mótun heildstæðrar stefnu um fiskeldismál og nýtingu strandsvæða. Áhersla verði lögð á að nýta þau tækifæri til atvinnusköpunar sem felast í auknu fiskeldi, í sátt við umhverfið. Auknar verði rannsóknir á áhrifum fiskeldisstarfsemi á lífríki og slíkar rannsóknir verði grunnur að gerð svæðisbundinna áætlana um vernd og nýtingu strandsvæða sem taki einnig mið af hagsmunum íbúa og atvinnulífs á viðkomandi svæðum.**

4.6.9. FV skal beita sér fyrir samræmingu og einföldun löggjafar á sviði skipulags- og byggingarmála. Áhersla verði m.a. lögð á að settir verði í lög hæfilegir frestir til að skila umsögnum um skipulagsmál og að málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd taki eðlilegan tíma þannig að skilvirkni við afgreiðslu skipulagsmála verði tryggð.

4.6.10. FV skal beita sér fyrir því að jarðalög og önnur löggjöf um landnýtingu sem tengist landbúnaði verði endurskoðuð. Í þeirri endurskoðun verði byggt á meginreglum og aðferðum skipulagslaga sem miða að því að sveitarfélög vegi saman ólík sjónarmið þegar ákvarðanir eru teknar um landnotkun. Jafnframt verði horft til landnotkunar innan þjóðlendna þar sem skýra þarf réttindi og skyldur ríkisins sem landeiganda.

4.6.11. FV skal beita sér fyrir því að heildarendurskoðun laga um lögheimili og laga um skráningu aðsetursskipta verði hraðað. Í þeirri vinnu verði lögð áhersla á að styrkja stöðu sveitarfélaga í skráningarferlinu og draga úr hættu á rangri eða ófullkominni aðsetursskráningu. Jafnframt verði tryggt að öll skilgreind lögheimili séu í samræmi við skipulag sveitarfélaga.

4.6.12. FV skal beita sér fyrir því að sveitarfélögin verði virkir þátttakendur í umræðu um framtíðarstefnu í orkumálum, þ.m.t. uppbyggingu flutningskerfis Landsnets, stefnu um lagningu raflína, áherslur í rammaáætlun, skattlagningu á virkjanir og flutningsmannvirki og þróun í nýtingu auðlinda, s.s. vindafli- og sjávarfallavirkjana.

*Mikilvæg og áriðandi mál 4.6.1, 4.6.2., 4.6.3., 4.6.8.,  
Mikilvæg málefni en ekki áriðandi 4.6.10. og 4.6.12.  
Önnur mál bíða.*

**Niðurstaða - Vinna FV að málaflokknum ræðst af ákvörðun sveitarfélaganna hvort hafin verði vinna að gerð svæðisskipulags- / áætlun. En með svæðisskipulagi er stofnuð samráðsnefnd sem tekur þessi mál að sér en getur falið FV eða öðrum aðila stjórn verkefnisins.**

**Stefnumál eru síðan mikilvæg áhersluatriðið í umræðu við stjórnvöld, Alþingi og sveitarfélaga.**

#### **b) Byggingamál**

4.6.13. FV skal stuðla að því að Varasjóður húsnæðismála verði áfram bakhjarl sveitarfélaga á svæðum þar sem brestur er á húsnæðismarkaði. Teknar verði upp viðræður við ríkisvaldið um hlutverk og fjármögnun sjóðsins í tengslum við áætlanir um framtíðarskipan húsnæðismála.

4.6.14. FV skal leggja áherslu á að við fyrirhugaðar breytingar á aðkomu ríkisins að húsnæðislánamarkaði verði lögð áhersla á að tryggja áfram jafnan rétt allra landsmanna, hvar sem þeir búa, til húsnæðislána á viðráðanlegum kjörum.

4.6.15. FV skal vinna að því, í samstarfi við ríkið, að ná fram lækkun byggingarkostnaðar án þess að skerða aðgengi. Þá verði gefinn sveigjanleiki við útfærslu á byggingareglugerð sem leiðir til lækkunar á kostnaði.

*Ekki mikilvæg og ekki áriðandi mál en komi til framkvæmda seinna*

**Niðurstaða- Verkefnið ekki í forgang, en gera tillögu að nýjum áherslum til umræðu m.t.t. að leita beinna leiða til lækkunar á byggingarkostnaði og halda utanum skráningu á fasteignamarkaði á Vestfjörðum.**

#### **c) Umhverfismál**

**4.6.16. FV skal hafa forystu um að sveitarfélög á svæðinu vinni að stöðugum úrbótum á eigin frammistöðu í umhverfislegu, efnahagslegu og félagslegu tilliti, með hliðsjón af viðmiðunarskýrslum EarthCheck fyrir svæðið. FV skal vinna að því að sjálfbær þróun verði leiðarljós sveitarfélaga í umhverfismálum.**

4.6.17. FV skal vinna að því að tryggja að samráð sé haft við samtök sveitarfélaga og hlutaðeigandi sveitarfélög við gerð opinberra áætlana sem hafa áhrif á nýtingu auðlinda, svo sem fallvatna, jarðhitasvæða og strandsvæða, eða skipulagsáætlanir sveitarfélaga. Jafnframt verði tryggt aðkoma sveitarfélaga að stjórnnum og ákvörðunum um nýtingu þjóðlendna og málefni þjóðgarða.

4.6.18. FV skal starfa í anda samfélagslegrar ábyrgðar og eiga þátt í að efla samfélagslega ábyrgð fyrirtækja, þar sem haft er að leiðarljósi að vinna að eflingu samfélagsins, samþætta samfélags- og umhverfismál og hafa þau sjónarmið að leiðarljósi í samskiptum við hagsmunaaðila.

4.6.19. FV skal beita sér fyrir því að meginstefna verði sú að eftirliti með starfsleyfisskyldri atvinnustarfsemi verði sinnt af staðbundnum stjórnvöldum. Samræmingarhlutverk miðlægra eftirlitsstofnana verði eflt til að stuðla að samræmdu eftirliti um allt land.

**4.6.20. FV beiti sér fyrir því, í gegnum Markaðsstofu Vestfjarða, að ríki, sveitarfélög, landeigendur og ferðaþjónustan vinni saman að því að draga úr neikvæðum áhrifum af aukinni umferð ferðamanna um viðkvæma staði í íslenskri náttúru. Áhersla verði lögð á nauðsynlega uppbyggingu á ferðamannastöðum og að umferð ferðamanna verði beint á landsvæði sem þola aukna umferð. Jafnframt verði lögð áhersla á að vegum og öðrum innviðum verði viðhaldið til að þeir þoli þá auknu umferð sem leiðir af fjölgun ferðamanna.**

*Mikilvæg og áriðandi mál 4.6.16 og 4.6.20*

*Mikilvæg málefni en ekki áriðandi 4.6.17*

*Önnur mál bíða*

**Niðurstaða - Forgangsmál. Unnið með framkvæmdaáætlun umhverfissvöðunar og gætt að samræmingu við vinnu að Vegvísi áfangastaða (DMP).**

#### **4.7. Brunamál og almannavarnir**

4.7.1. FV skal stuðla að umræðu um samvinnu sveitarfélaga í málaflokknum.

**Málefni ekki í forgangi**

#### **4.8. Atvinnu- og byggðamál**

##### **a) Byggðamál**

**4.8.1. Hringtengingu ljósleiðara á Vestfjörðum á að ljúka á árinu 2016 og stjórnvöld gáfu einnig fyrirheit um að síðustu þéttbýlisstaðirnir verði tengdir ljósleiðarakerfinu. FV skal fylgja eftir að þeir áfangar náist og verði án tafa fylgt eftir með tengingum heimila og fyrirtækja í dreifbýli. FV skal stuðla að samstarfi sveitarfélaga um lagningu ljósleiðara og kanna grundvöll um samráðshópa um staðsetningu ljósleiðara.**

**4.8.2. Fjórðungssamband Vestfirðinga skal fylgja eftir þeirri kröfu við stjórnvöld að staðið verði við fyrirheit þeirra um að samgöngubætur á Vestfjörðum verði í forgangi í samgönguáætlun til skemmri og lengri tíma litið. Samfélag Vestfjarða liður fyrir það að vegir eru á mörgum stöðum árum og áratugum á eftir því sem gerist og gengur í nútímasamfélagi. Brýnustu úrlausnarefnin í vegagerð á Vestfjörðum 2016-2018 eru:**

- 1. Að vegagerð um Gufudalssveit á Vestfjarðavegi 60 verði boðin út eigi síðar en haustið 2016.**
- 2. Að staðið verði við áætlanir og fyrirheit um gerð Dýrafjarðarganga 2016-2019 með útboði fyrir árslok 2016 og að endurgerð vegar um Dynjandisheiði ásamt tengingu við Bíldudal verði flýtt eins og kostur er.**
- 3. Að unnið verði að uppbyggingu heilsársvegar í Árneshrepp án frekari tafa, vinna við nýjan veg um Veiðileysuháls hefjist árið 2017 og samhliða þeim framkvæmdum verði undirbúin vegagerð úr botni Reykjarfjarðar í Trékyllisvík.**

4. Endurbygging stofnvega með einbreiðu slitlagi eða malarslitlagi, þar sem brýnust er endurbygging Djúpvegjar 61 í Seyðisfirði og Hestfirði og vegagerð á Innstrandavegi 68 í samræmi við áherslur Vegagerðarinnar.
5. Unnið verði markvisst að fækkun einbreiðra brúa á stofnvegum á Vestfjörðum.
6. Að jarðgöng milli Ísafjarðar og Súðavíkur verði sett á samgönguáætlun, sem næstu jarðgöng á eftir Dýrafjarðargöngum.

Markmiðið með þessum áföngum er að allir þéttbýlisstaðir á Vestfjörðum og öll byggðarlög komist í ásættanlegt vegasamband innan héraðs og við aðra landshluta.

**4.8.3. FV skal leggja sitt af mörkum til að knýja á um markvissa uppbyggingu hágæða fjarskiptakerfis fyrir alla landsmenn, enda er hátt þjónustustig fjarskipta ein grunnforsenda þess að viðunandi búsetuskilyrði séu til staðar um allt land.**

4.8.4. FV gerir þá kröfu á stjórnvöld að sett verði fram verkefnaáætlun um gerð jarðagangna til ársins 2040 og fjármunir settir til rannsóknar á jarðgangakostum.

4.8.5. Áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögurs eru mikilvægustu almenningssamgöngur Vestfirðinga og lífæð byggðanna stóran hluta ársins. FV skal standa vörð um þá þjónustu og öryggi sem flugsamgöngur veita íbúum á Vestfjörðum. Reykjavíkurflugvöllur er grundvöllur fyrir samgöngur á milli landsbyggðar og höfuðborgar. FV beitir sér fyrir því að við stefnumótun í samgöngumálum og forgangsroðun fjármuna til samgönguverkefna verði ávallt horft til þess að fyrir hluta landsmanna eru flugsamgöngur eini raunhæfi valkosturinn þegar kemur að almenningssamgöngum.

4.8.6. FV skal vinna að því, í samvinnu við önnur landshlutasamtök sveitarfélaga, að tryggja öruggan laga- og rekstrargrundvöll fyrir heildstætt kerfi almenningssamgangna milli og innan landshluta

4.8.7. FV skal vinna að því að við stefnumótun í samgöngumálum verði vistvænar samgöngur settar í forgang með því að styðja sérstaklega við notkun vistvænna orkugjafa, draga úr neikvæðum áhrifum af bílaumferð og auka jafnræði ólíkra samgöngumáta.

4.8.8. FV styður áform stjórnvalda um lengingu ferðamannatímans og betri dreifingu ferðafólks um landið. Viðhald vega, öflug vetrarþjónusta og örugg fjarskipti eru lykill að uppbyggingu heilsárferðaþjónustu. Að auki þarf markvissar endurbætur og viðhald á vegum að helstu ferðamannaperlum Vestfjarða, svo sem Látrabjargi, Selárdal, Kaldalóni og Trékyllisvík.

4.8.9. FV skal beita sér fyrir því að í opinberri stefnumótun um ferðaþjónustu og uppbyggingu innviða í samgöngumálum verði horft til þess að fjölga komum og brottförum erlendra ferðamanna á öðrum stöðum en SV-horninu.



4.8.10. FV beiti sér fyrir því að jafna raforkukostnað bæði hjá fyrirtækjum og íbúum, m.a. með jöfnun flutningskostnaðar á raforku og hærri greiðslum til jöfnunar á húshitunarkostnaði. Þetta á við um jöfnun kostnaðar milli heitra og kaldra svæða annars vegar og dreifbýlis og þéttbýlis hins vegar.

*Mikilvæg og áriðandi mál 4.8.1, 4.8.2. og 4.8.3.*

*Önnur mál bíða*

**Niðurstaða - Forgangsmál, vinnan felst í áframhaldandi þrýstivinnu til að fá aukið fjármagn inn í ríkisfjármálaáætlun. Vinna að áhersluverkefnum Vestfirðir altengdir.**

**b) Atvinnumál**

**4.8.11. FV beita sér fyrir því að unnin verði kerfisáætlun fyrir raforku- og gagnaflutninga á Vestfjörðum. Meginmarkmiðið er að tengja virkjun Hvalár í Ófeigsfirði, og aðra hugsanlega virkjunarkosti í Ísafjarðardjúpi, við öll byggðarlög á Vestfjörðum. Virkjun Hvalár verður þannig forsenda nýrrar atvinnuuppbyggingar á svæðinu um leið og afhendingaröryggi raforku er tryggt**

**4.8.12. FV skal vinna að því að löggjöf um fjármögnun uppbyggingar á ferðamannastöðum verði endurskoðuð til að fullnægja fyrirsjáanlegri og brýnni uppbyggingarþörf sem tekur mið af áherslum stjórnvalda um betri dreifingu ferðafólks um landið allt árið. Lögð verði áhersla á að verklag við styrkveitingar taki mið af því að fjármögnun stærri uppbyggingarverkefna þarf að byggja á áætlun sem tekur til nokkurra ára í senn.**

4.8.13. FV styður stefnu samtaka sjávarútvegssveitarfélaga sem hafa sett sér það markmið að hluti veiðigjalda eigi að renna til sjávarútvegssveitarfélaga. Að ná því markmiði gefur sjávarútvegssveitarfélögum tækifæri til að takast á við afleiðingar þeirra breytinga sem skapa íslenskum sjávarútvegi aðstæður til að vera í fremstu röð. Það er liður í sjálfbærri nýtingu fiskistofnanna að þau samfélög, sem nýtingin hefur mest áhrif á, fái tæki til að takast á við afleiðingar þeirra breytinga sem fylgja sífellt hagkvæmari nýtingu.

4.8.14. FV skal vinna að því að ríkisvaldið beri eðlilegan og sanngjarnan hlut í kostnaði við refa- og minkaveiðar og sinni hlutverki sínu við viðhald sauðfjárveikivarnagirðinga með sóma.

*Mikilvæg og áriðandi mál 4.8.11 og 4.8.12*

*Mikilvæg málefni en ekki áriðandi 4.8.13.*

*Önnur mál bíða*

**Niðurstaða - Engin bein verkefni hjá FV en mikilvæg áhersluatriði í umræðunni og viðræðum sveitarfélaganna við stjórnvöld og Alþingi. Atvest vinni að öflun fjárfesta / kaupenda að orku.**

**c) Stoðkerfi atvinnulífs**

**4.8.16. Sveitarfélög á Vestfjörðum fara með samning við Byggðastofnun um atvinnu og byggðapróun á Vestfjörðum. Með þjónustusamningi og eignaraðild að Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða stuðla sveitarfélögin að því að einstaklingum og fyrirtækjum á Vestfjörðum sé veitt ráðgjöf á sviði nýsköpunar og atvinnuþróunar auk þjónustu við sveitarfélögin er varðar byggðapróun. Sveitarfélög á Vestfjörðum leggja áherslu á gott samstarf við atvinnulífið í gegnum Atvest.**

**4.8.17. Markaðsstofa Vestfjarða starfar sem hluti af Fjórðungssambandi Vestfirðinga. Hlutverk Markaðsstofu Vestfjarða er þrjúþætt;**

- Laða að innlenda og erlenda ferðamenn til Vestfjarða með samræmdu kynningar- og markaðsstarfi.
- Vinna að kynningar- og markaðsstarfi sveitarfélaga á Vestfjörðum sem ákjósanlegum búsetukosti.
- Vinna með stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar á Vestfjörðum að kynningar- og markaðsmálum ferðaþjónustu, sveitarfélaga og atvinnulífs.

Markaðsstofa Vestfjarða sinnir einnig almennri hagsmunagæslu fjórðungsins í málefnum er snúa að ferðaþjónustu. Ásamt almennum verkefnum sínum vinnur MV einnig að sérverkefnum sem fjármögnuð eru til mislangs tíma.

Starfandi er fimm manna ráðgjafaráð fyrir Markaðsstofuna og skipar stjórn FV þar tvo fulltrúa en Ferðamálasamtök Vestfjarða skipar þrjá aðila úr stjórn sinni í ráðið.

*Mikilvæg og áriðandi mál 4.8.16 og 4.8.17*

**Niðurstaða – Markaðsstofa Vestfjarða vinni samkvæmt starfsáætlun en horft verði til samræmingar við málaflokka í menningarmálum og umhverfismálum.**

**Nýtt verkefni.**

Unnið skal á árinu 2017 að samruna á starfsemi Fjórðungssambands Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf með stofnun sjálfseignarstofnunar Vestfjarðastofu.

**Niðurstaða; stofnun Vestfjarðarstofu mikilvægt og áriðandi mál**